

Föstudaginn 30. nóvember 1990.

Nr. 474/1989. **Sigurjón Viðar Alfreðs Guðlaugsson**

gegn

**Búnaðarbanka Íslands,
Landsbanka Íslands,
Verslunarbanka Íslands,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Tryggingastofnun ríkisins,
bæjarfógetanum í Garðakaupstað,
Áklæði og gluggatjöldum s/f,
Jóni Magnússyni,
bæjarstjóranum í Garðakaupstað,
Ástvaldi Jónssyni,
Ólafi Þór Jónssyni,
Guðjóni Gísla Hannessyni,
Vátryggingafélagi Íslands h/f,
Svavari Sigurjónssyni og
Trésmiðjunni Meiði.**

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1989. Þar nefnir hann sig Sigurjón Viðar Alfreðs Guðlaugsson, en í H.1989,1068 tilgreinir hann sig Sigurjón Viðar Alfreðsson. Í þjóðskrá er nafn hans skráð Sigurjón Viðar Alfreðs, kennitala 291134-4409.

Þegar málið var tekið fyrir 29. þessa mánaðar, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu stefndu Búnaðarbanka Íslands og Guðjóns Gísla Hannessonar var sótt þing. Var niðurfelling málsins samþykkt, en málskostnaðar krafist fyrir Hæstarétti. Af hálfu annarra stefndu var ekki sótt þing.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða Búnaðarbanka Íslands og

Guðjóni Gísla Hannessyni 25.000 krónur hvorum í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Sigurjón Viðar Alfreðs Guðlaugsson, kennitala 291134-4409, greiði stefndu Búnaðarbanka Íslands og Guðjóni Gísla Hannessyni 25.000 krónur hvorum í málskostnað fyrir Hæstarétti.